

Breytingar á tilhögun fæðingarorlofs

Sendið til: Vinnumálastofnunar -
Fæðingarorlofssjóðs, Strandgötu 1, 530 Hvammstanga
FAX 582 4850



1. Nafn starfsmanns	2. Kennitala
3. Nafn vinnuveitanda eða fyrirtækis	4. Kennitala

Áætlaður fæðingardagur barns: _____ Fæðingardagur barns: _____

Ætlaði að taka fæðingarorlof : _____

Vil/vill breyta tímabili fæðingarorlofs í: _____

Vil/vill fresta orlofinu og tilkynna tilhögun fæðingarorlofs síðar:

Útreikningur á greiðslum til foreldris í fæðingarorlofi byggist á upplýsingum úr staðgreiðsluskrá, tryggingagjaldaskrá og skattframtali ríkisskattstjóra. Komi í ljós síðar að greiðslur hafa orðið hærrí en vera bar á Fæðingarorlofssjóður endurkröfurétt á hendur foreldri. Hafi Fæðingarorlofssjóður greitt foreldri lægri greiðslur en því bar greiðir Fæðingarorlofssjóður vangreidda upphæð. **Með undirskrift minni samþykki ég að Vinnumálastofnun megi afla nauðsynlegra gagna úr framangreindum skrá ríkisskattjóra við framkvæmd laganna enda er það forsenda fyrir rétti mínum til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.¹ Við erum jafnframt upplýst/ir um að gögn sem Vinnumálastofnun aflar með þeim hætti verða notuð við eftirlit með framkvæmd laganna. Með undirskriftum okkar staðfestum við einnig að láta Fæðingarorlofssjóð vita um öll þau tilvik sem leitt geta til ofgreiðslu, þ.m.t. breytingar sem kunna að verða á fyrirhugaðri fæðingarorlofstöku eða tekjum og haft geta áhrif á rétt foreldris til greiðslna og/eða leitt geta til ofgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði, sjá frekari leiðbeiningar vegna eftirlits á næstu bls.*²**

14. Dagsetning og undirritun starfsmanns ¹
15. Dagsetning og undirritun vinnuveitanda * ²
16. Dagsetning og undirritun vinnuveitanda ef tilkynningin er móttækin með fyrirvara um breytingar ** ²
17. Dagsetning og undirritun sjálfstætt starfandi einstaklings*** ^{1 2}

Athuga sérstaklega:

* Æskilegt er að starfsmaður og vinnuveitandi ræði saman um tilhögun fæðingarorlofs áður en eyðublað þetta er útfyllt. Ef báðir aðilar eru samþykki, undirritar vinnuveitandi í reit nr. 15 og staðfestir þar með samkomulagið. Foreldri er heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag.

** Vinnuveitandi skal undirrita tilkynningu þessa með fyrirvara um breytingar, geti hann ekki komið til móts við óskir starfsmanns um tilhögun fæðingarorlofs. Skal vinnuveitandi þá innan viku frá móttökudagsetningu og að höfðu samráði við starfsmann, leggja til aðra tilhögun skriflega og tilgreina ástæður. Þetta eyðublað skal látið fylgja með til staðfestingar á móttökudagsetningu. Athugið að starfsmaður skal eiga rétt á að taka fæðingarorlof í einu lagi.

*** Með umsókn um fæðingarorlof þarf **sjálfstætt starfandi foreldri** að senda inn staðfestingu frá skattyfirvöldum um að störf séu lögð niður tímabundið eða að hluta í samræmi við lækkað endurgjald. Réttur til fæðingarorlofs og fjárhæð byggir á greiðslum tryggingagjalds og starfaflokki sjálfstætt starfandi foreldris.

Eftirlit:

Samkvæmt 15. gr. b. laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 (ffl.) skal Vinnumálastofnun annast eftirlit með framkvæmd laganna og skulu skattyfirvöld láta stofnuninni í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru eftirliti með framkvæmd þeirra enda hafi umsækjandi verið upplýstur um það. Á umsóknareyðublöðum Fæðingarorlofssjóðs staðfestir foreldri með undirritun sinni að Vinnumálastofnun megi afla nauðsynlegra gagna úr skrám ríkisskattstjóra við framkvæmd laganna, enda er það forsenda fyrir rétti foreldris til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði, og að gögn sem stofnunin aflar með þeim hætti verða notuð við eftirlit með framkvæmd laganna.

Í 10. mgr. 13. gr. ffl. er að finna frádráttarreglu laganna en þar segir að greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í fæðingarorlofi sem eru hærri en nemur mismun greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og meðaltals heildarlauna foreldris skv. 2. eða 5. mgr. skulu koma til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Eingöngu skulu greiðslur frá vinnuveitanda sem ætlaðar eru fyrir það tímabil sem foreldri er í fæðingarorlofi koma til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Þó er heimilt að taka tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana, annarra kjarasamningsbundinna greiðslna og launabreytinga sem rekja má til breytinga á störfum foreldris.